

Reykjavíkurráð ungmenna og Borgarstjórn Reykjavíkur

23. febrúar 2016

Jóhanna Líf Sigurþórsdóttir, fulltrúi í Ungmennaráði Kjalarnes

Tillaga

Tillaga til ÍTR um að lækka aðgangseyri í sundlaugar Reykjavíkur og þá sérstaklega aðgangseyri fyrir fullorðna svo að börn og foreldrar geti leyft sér að nota sínar samverustundir í sundlaugum borgarinnar.

Greinargerð

Ungmennaráðið á Kjalarnesi óskar eftir því að aðgangseyrir í sundlaugar Reykjavíkurborgar verði lækkaðar og þá sérstaklega aðgangseyrir fyrir fullorðna og að frítt verði fyrir börn undir tíu ára. Það er hlutfallslega dýrt að fara í sund í stuttan tíma sem getur valdið því að fólk fer sjaldnar í sund. Þrátt fyrir að hægt sé að kaupa sér afsláttarkort þá henta þau ekki öllum því sumir fara sjaldnar í sund og kaup á kortum geta verið stór hluti af ráðstöfunartekjum heimilisins. Þetta myndi auðvelda fjölskyldum að fara saman í sund. Sund er góð útivera og frábær alhliða hreyfing fyrir alla fjölskylduna og stuðlar að bættri lýðheilsu, góðum samverustundum fjölskyldunnar og aukinni notkun á sundstöðum Reykjavíkur.